

## Hlusta á lesið og talað mál

Við leggjum áherslu á að börnin læri og æfi sig í því að hlusta hvort sem það er þegar hin börnin segja frá, kennari gefur fyrirmæli eða verið sé að lesa sögu. Við leggjum áherslu á að einn talar í einu og kennum börnunum jafnvægi milli þess að tala og hlusta. Við fylgjum eftir fyrirmælum og erum vakandi fyrir því að börnin hlusti og skilji hvort sem er fyrirmæli, sögur eða annað.